

## Fundargerð

13. fundur í umhverfis-skipulags- og bygginganefnd. Mánudaginn 15. október, 2007 kom USB-nefndin saman til fundar að Fjarðarvegi 3 á Þórshöfn. Fundur hófst kl. 17:00.

Mættir: Sigurður Jóhannes Jónsson, formaður Áki Guðmundsson og Kristján Úlfarsson. Einnig sat fundinn Björn Ingimarsson, sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

### Dagskrá.

#### 1. Mál. Gámasvæði – Staðarákvörðun.

Lögð var fram niðurstaða úr skoðunarkönnun sem gerð var um miðjan september sl. Skoðunarkönnunin var send inn á öll heimili á Þórshöfn og nágr. 11 svör bárust og tillögur skiptust samkv. eftirfarandi:

1. Grjótnáma ofan Hálsvegar, 2 atkvæði.
2. Plan fyrir neðan grjótnámu, 2 atkvæði.
3. Lóð á athafnasvæði við Háholt, 7 atkvæði.

Nefndin gerir það að tillögu sinni að gámasvæði verði fundinn staður á lóð á athafnasvæði við Háholt.

#### 2. Mál. Umhverfisstofnun / LISA – Ráðstefna um Landupplýsingar.

Samþykkt að fulltrúi nefndarinnar sækir ráðstefnuna að því gefnu að viðkomandi verði staddur í Reykjavík.

#### 3. Mál. Halldór Halldórsson. Fyrirspurn vegna reiðhalla byggingar. Erindinu vísað til nefndarinnar frá byggðaráði.

Lagt fram erindi frá Halldóri Halldórssyni með fyrirspurn um staðsetningu reiðhalla byggingar. Samþykkt að óska eftir tillögu frá hestamannafélaginu Snæfafa varðandi framtíðarstaðsetningu hestúshverfis og reiðhalla. Tillögum verður vísað til aðalskipulagsgerðar Langanesbyggðar og er því brýnt að þær berist nefndinni sem fyrst eða eigi síðar en 15. nóvember. n.k. Nefndin fagnar því að vakin skuli athygli nefndarinnar á nauðsyn þess, af hálfu hestamanna, að unnið verði deiliskipulag fyrir hestúshabyggð við Þórshöfn.

#### 4. Mál. Mótmæli frá íbúum við Hálsveg. Erindinu vísað til til nefndarinnar frá byggðaráði.

Harmað er það ónæði sem íbúar Hálsvegar hafa orðið fyrir vegna þeirra þungaflutninga sem óhjákvæmilega hafa farið um götuna á undanförunum vikum. Lögð hefur verið á það áhersla við verktaka sem annast framkvæmdir við höfnina að fyllsta aðgát sé viðhöfð

vegna umferðar um götuna. Ráðgert er að fara í framkvæmdir við tengingu Miðholts við Hálsveg sem mun létta á umferð um Hálsveg í framtíðinni Einnig er vakin athygli á því að umhverfis- skipulags- og bygginganefnd gerir tillögu um að gámasvæði verði staðsett á lóð á athafnasvæði við Háholt í framtíðinni. Einnig má geta þess að af frumkvæði nefndarinnar er vakin sérstök athygli á 35 km hámarkshraða í götunni og hefur verið um það rætt að lækka hámarkshraðan frekar.

## 5. Mál. Sorpmál.

- a) Framtíðarurðunarstaður fyrir Langanesbyggð
- b) Undirbúningsvinna vegna flokkunar sorps.
- c) Ýmsar hugmyndir ræddar. Samþykkt að taka sérstakan fund um málið og óska eftir fulltrúa Umhverfisstofnunar á þann fund, varamenn verði einnig boðaðir á þann fund.

## 6. Önnur mál.

- Bundið slitlag á veginn Bakkafjörður – Þórshöfn.  
Vegna fyrirspurnar gerði sveitarstjóri grein fyrir því að sent hefði verið erindi á Fjármálanefnd Alþingis og samgönguráðherra þar sem lögð er áhersla á flýtingu lagningar bundins slitlags á veginn Bakkafjörður – Þórshöfn.
  - GSM samband og veðurstöð á Brekknaheiði.  
Umhverfis-skipulags og bygginganefnd samþykkir að beina því til hreppsnefndar að með hliðsjón að öryggissjónarmiðum verði áhersla lögð á það að gsm sambandi verði komið sem fyrst á Brekknaheiðina. Einnig er mikilvægt vegna aukinnar umferðar á milli Bakkafjarðar og Þórshafnar að sjálfvirkri veðurathugunarstöð verði komið upp á Brekknaheiði.
  - Opnir skurðir á Þórshöfn.  
Því beint til hreppsnefndar að gerð verði úttekt á opnum skurðum innan þéttbýlis með það í huga að þeim verði lokað.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:12.

Björn Ingimarsson, ritari.